

Sagnþraut 6

Þú átt í suður ...

Suður

♠ G32

♥ D104

♦ ÁD83

♣ K96

Vestur gefur. Allir á hættu. Sveitakeppni.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
---------------	---------------	---------------	--------------

1 ♠	Dobl	Pass	???
-----	------	------	-----

Hver er sögnin?

gildir til 3. ágúst 2007

Hægt að svara á "Spjallinu", í Sumarbridge hjá BSÍ eða í tölvupósti: gpa@simnet.is

Sagnþraut 5 - svör

SPIL NS ...

NORÐUR

- ♠ K875
- ♥ D84
- ♦ G6
- ♣ G1087

SUÐUR

- ♠ ÁD4
- ♥ G5
- ♦ ÁKD10742
- ♣ 6

Panelþraut í **The Bridge Bulletin** (nóvember 1998).

Hendur AV voru ekki gefnar upp, en svo sem sjá má er rétt að spila bót, þótt 4♠ gætu unnist í 3-3 legu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	???

Fred Gitelman: 2♥. Ljót sögn, en 3♦ er undirmelding og gerir okkur erfitt fyrir að finna 5-3 fitt í spaða. Og það vantar fjórða spaðann í 4♦ og ekki gott að fara framhjá 3G ef makker á bara fjórlit í spaða.

Steve Robinson: 2♥. Verð að krefja. Ef makker á fjórlit í hjarta, þá á hann fimm spaða.

Larry Cohen: 2♥. Get ekki fengið mig til að segja 3♦ með þessa týpu, sem makker myndi passa með “slemmuspil”:

♠ K10xxx ♥ Áxxx ♦ x ♣ xxx

Alan Falk: 3♦. Meiri vandi þegar makker segir 3G við 3♦ - á ég þá að passa eða breyta í 4♠?

Sue Picus: 2♥. Vona að makker hækki hjartað eða endursegi spaðann, en ef hann meldar 2G=veikt þá segir ég 3♦, sem má passa.

Oshlaghjónin: 3♦. Freistandi að melda 2♥, en okkur myndi ekki líða vel ef sagnir þróuðust 2G hjá makker, 3♠ hjá okkur og 3G hjá makker.

Karen McCallum: 2♦. Almennt besta nálgunin að undirmelda erfiðar hendur.

Bandarísku svörin

Sögn	Fjöldi	Stig
2♥	10	100
3♦	4	70
4♦	2	50
2♦	1	30

Ómar Olgeirsson: 3♦. Hætta á að missa 4♠ og erfitt fyrir makker að vita hvað dugar í 3G. Ein mesta vandræðastaðan í Standard og varla nein sögn “rétt”.

Ef það er rætt að 3♥ sé 3-litar stuðningur við hálit svarhandar og góður tígull þá melda ég það. En estir nota 3♥ sem *mini-splinter* í þessari stöðu.

3G beint gætu líka heppnast ef makker á það lítið að hann myndi passa 3♦, bara fjórlit í spaða, en nóg til að stoppa hjarta og lauf. En ekki gott fyrir mórallinn ef hann á KGxxx í spaða og ekkert annað og andstaðan tekur 7-9 fyrstu slagina.

Ómar veltir fyrir sér nútímalegri útfærslu þar sem er opnað á laufi með jafna skiptingu (og hugsanlega lengri tígul), en tígulopnunin sýnir alltaf ójafna skiptingu:

Í því tilfelli meldar maður 2G, sem sýnir 15+ punkta með 4-lit í spaða, eða þrílit í spaða og góðan tígul. Makker getur þá slegið með 3♦ og 3♠, en meldar 3♣ GF með fjórlit í spaða, en 3♥ GF með fimmlit í spaða.

Sagnþraut 5 - svör, frh ...

NORÐUR

- ♠ K875
- ♥ D84
- ♦ G6
- ♣ G1087

SUÐUR

- ♠ ÁD4
- ♥ G5
- ♦ ÁKD10742
- ♣ 6

Íslensku svörin á spjallinu

2♥	4
3♦	2
4♦	1
3♥	1

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♦
Pass	1 ♠	Pass	???

Sigurbjörn Haraldsson: 2♥. Gefur mikið rými til að komast í besta samninginn. Ef makker er með hjartafitt þá ertu alltaf í 100% spaðafitti og breytir bara í spaðann. En í mínu kerfi myndi ég melda 3♥ sem sýnir sterk spil með tígul og 3-litar stuðning í spaða.

Sveinn Rúnar Eiríksson: 2♥. Já, gaman væri að geta meldað 3♥ sem þrílit og sterk spil. Ef ekki, þá melda ég 2♥, því þetta eru einfaldlega of góð spil í 3♦.

Sigurður Vilhjálmsson: 4♦. Stökk í fjóra í opunar-*mínór* eftir *major*-svar ætti e.t.v. frekar að sýna 6-4, en með 2♥ er bara verið að slá vandamálinu á frest. Best að bera á borð hvíta lygi og segja makker að eitt kontról hjá honum í spaða sé nóg í 10 slagi. Fjórir tíglar þýða enn fremur að normalt séu 3 lúserar í hjarta og laufi. Það er að mínu viti lyginnar virði að koma þessum upplýsingum á framfæri.

Ómar Olgeirsson (endurskoðað svar): Mér líst vel á 2♥ - sammála síðustu ræðumönnum um að þetta sé of gott í 3♦ - já, og alltaf hægt að breyta hjartasögn makkers í spaða. 4♦ gætu verið fín sögn en finn á mér *disaster* ef makker á bara fjórlit í spaða og rétta geimið er 3G.

Snorri Karlsson: 3♦. Í hefðbundnum (gamaldags) Standard sýna 3♦ einfaldlega góð spil (hámarksopnun) og langan tígul. Makker passar yfirleitt ekki 3♦, en ef hann gerir það þá eru góðar líkur á að það sé rétt ákvörðun.

Varðandi aðrar sagnir þá finnst mér ókosturinn við 4♦ sá að við missum af líklegasta geiminu (3G) ef makker á lítil spil, og síðan getur það orðið dýrt að spila 4♠ þegar 3♦ er rétti samningurinn.

2♥ falsvendingunni er ég alls ekki hrifinn af. Ef makker melder 4♥ þá get ég ekki séð að það sé eitthvað borðleggjandi að lesa 4♠ sem þrílit í spaða og ekki neitt í hjarta. Er maður ekki að sýna sleggju í rauðu litunum án lauffyrirstöðu eða hönd þar sem maður vill ekki spyrja um ása (til dæmis vegna eyðu)? Það væri fróðlegt að vita hve vissir menn væru í því að passa 4♠ á móti góðum makker sem þeir hefðu ekki spilað við áður.

Stíllinn hjá mörgum í dag er hinsvegar dálítið öðruvísi, en þá sýnir 3♦ fyrst og fremst góðan lit en ekki neitt sérstaklega sterk spil. Ef menn fylgja þeim stíl er nauðsynlegt að nota falskar vendingar til að koma miklum styrk til skila. Makker er þá með á nótunum og tekur vendinguna ekki of alvarlega; ég hef til dæmis spilað þetta þannig að það er hreinlega bannað að stökkva í fjóra við vendingunni. Þessi nálgun hefur náttúrulega sína kosti og galla; þetta býður upp á hvassari meldingar, en á móti kemur að vendingastöður verða leiðinlegar viðfangs.

Guðm. P. Arnarson: 2♥. Einfalt að finna rétta fittið, auk þess sem hægt er að stoppa undir geimi ef makker er veikur (ef 2G er afmelding, sem allir spila, ekki satt).

Jafnvel þótt 3♥ væri til í kerfinu sem sterk hönd með 6-3 í tígli og spaða myndi ég ekki velja þá sögn. Makker myndi reikna með hjartafyrirstöðu og segja 3G með: ♠KGxx ♥xx ♦xx ♣ÁGxxx

Það versta við 3♦ er að 5-3 spaðafitt gæti farið forgörðum.

Því er ekki að neita að sú hugmynd McCallum að segja bara 2♦ kemur vel út - EF makker passar ekki þegar geim stendur.

Dísa í vörninni

Þú ert í **vestur** í vörn gegn 4♠ ...

NORÐUR

N/ALLIR

♠ G92

♥ G10432

♦ DG

♣ KG3

Vestur

♠ 64

♥ K8

♦ ÁK875432

♣ 2

<u>VESTUR</u>	<u>NORÐUR</u>	<u>AUSTUR</u>	<u>SUÐUR</u>
--	Pass	Pass	1 ♠
2 ♦	2 ♠	Pass	3 ♣
3 ♦	Pass	Pass	Dobl *
Pass	3 ♥	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

Það er eðlilegur hljómur í sögnum og dobl suðurs á 3♦ þýðir: “gerðu það sem rétt er, makker”.

Þú spilar út ♦Á, makker lætur ♦6 og sagnhafi ♦10.

Þið sýnið tvíspil lágt-hátt, svo nían gæti verið hvort heldur hjá makker eða sagnhafa.

Hver er vörnin?

Lausn á varnarþraut

NORÐUR

♠ G92
♥ G10432
♦ DG
♣ KG3

VESTUR

♠ 64
♥ K8
♦ AK875432
♣ 2

AUSTUR

♠ 853
♥ Á97
♦ 96
♣ D9765

SUÐUR

♠ ÁKD107
♥ D65
♦ 10
♣ Á1084

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	1 ♠
2 ♦	2 ♠	Pass	3 ♣
3 ♦	Pass	Pass	Dobl
Pass	3 ♥	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

Ég (GPA) rambaði inn á **BRIDGEBASE** fyrir skömmu og sá þá **Hjördísi Eyþórsdóttur** spila sýningarleik.

Hjördís var í vestur og mig minnir **Valerie Westheimer** í austur. Suður vakti á spaða og ég var að velta því fyrir mér hvað ég myndi segja við því með áttlitinn í tígli. Mér finnst 4♦ freistandi sögn af tveimur ástæðum:

Maður setur makker vel inn í myndina (til að dobla, passa eða fórna) og setur hámarkspressu á andstöðuna.

En OK - Hjördís fór rólegu leiðina og NS fengu ráðrúm til að ræða saman í smáatriðum.

Þessar samræður fóru auðvitað ekki framhjá Hjördísi og hún dró af þeim réttar ályktanir - skipti yfir í hjartakóng í öðrum slag og tók geimið niður á stungu.

Vel gert og rökrétt í ljósi sagna. Makker þarf helst að eiga annað hvort laufás eða hjartaás og þessar upplýsandi sagnir benda til að ás makkers sé frekar í hjarta.

Og þá er það spurningin: Hefði ég fundið vörnina eftir þessar sagnir:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	Pass	1 ♠
4 ♦	Pass	Pass	Dobl
Pass	4 ♠	Pass	Pass
Pass			

Nú er það eitt vitað um suður að hann á góð spil, en hann gæti verið með hjartaás eins og laufás. Sennilega myndi maður skipta yfir í lauf eða halda áfram með tígul.

Niðurstaðan er þá þessi:

Þrátt fyrir að pressusögnin 4♦ hafi sína augljósu kosti, getur “slow-play” taktíkin líka komið sér vel - ef menn eru góðir að spila þegar borðið kemur upp (“after the opp”).